



Reykjavík 14. maí 2024

## Niðurstaða athugunar vegna afstemmingar á TRS II skýrsluskilum hjá Landsbankanum hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands framkvæmdi athugun hjá Landsbankanum hf., á afstemmingu viðskiptagagna úr framlínu við úrtak úr innsendum TRS II skýrslum til fjármálaeftirlitsins, í desember 2023 og lá niðurstaða fyrir í mars 2024.

Markmiðið athugunarinnar var að kanna fylgni Landsbankans hf. við 26. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014, um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (MiFIR), sem lögfest var með 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Framangreint ákvæði kveður á um skyldu verðbréfafyrirtækja og lánastofnana sem framkvæma viðskipti með fjármálagerninga að veita fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands fullar og réttar upplýsingar um slík viðskipti eins og fljótt og auðið er. Skýrslugjöf um viðskipti með fjármálagerninga gengur undir heitinu TRS II skýrslur og eru gögnin sem gagnaskilakerfi fjármálaeftirlitsins safnar fjármálaeftirlitinu nauðsynleg við eftirlit og rannsóknir. Til að lögbær yfirvöld geti greint gögn á skilvirkan hátt skulu viðskiptaskýrslur lagðar fram í samræmi við staðla og snið sem tilgreind eru í töflu 2 í I. viðauka framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/590 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda (reglugerð (ESB) nr. 2017/590). Reglugerð (ESB) nr. 2017/590 var innleidd með reglum nr. 545/2023 um umgjörð viðskipta með fjármálagerninga.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem fjármálaeftirlitið aflaði í tengslum við athugunina var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að Landsbankinn hf. hefði brotið gegn 26. gr. MiFIR, sbr. reglugerð (ESB) nr. 2017/590, sbr. reglur nr. 545/2023. Ekki var talið tilefni til að beita viðurlögum vegna brotanna en við matið var m.a. horft til eðlis og umfangs brotanna og hvort um ítrekuð brot væri að ræða. Gerðar voru eftirfarandi athugasemdir og viðeigandi úrbótakröfur:

- Veruleg brotalöm var á nákvæmni tímastimpils viðskipta en tímastimplar í TRS tilkynningum bar í mörgum tilvikum ekki saman við tímastimpla í úrtaki. Að því leyti uppfyllti Landsbankinn hf. ekki kröfur 26. gr. MiFIR, sbr. tafla 2 í I. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 2017/590 en þar kemur fram að verðbréfafyrirtæki skulu skrá viðskiptadag og tíma þegar viðskiptin voru framkvæmd.
- Landsbankinn hf. tilkynnti um viðskipti sem ekki voru tilkynningarskyld til fjármálaeftirlitsins. Afstemmingin leiddi í ljós að annars vegar var tilkynnt um fjármögnunarviðskipti sem falla ekki undir hugtakið „viðskipti“ sbr. a-lið 5. mgr. 2. gr.

reglugerðar (ESB) nr. 2017/590. Hins vegar tilkynnti Landsbankinn hf. um viðskipti vegna öflunar og ráðstöfunar vegna vörslustarfsemi sem falla ekki undir hugtakið „viðskipti“ sbr. d-lið 5. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/590. Þannig uppfyllti Landsbankinn hf. ekki kröfur um að aðilar skulu hafa til staðar kerfi til að komast hjá skýrslugjöf um viðskipti sem ekki ber skylda að tilkynna skv. 1. mgr. 26. gr. MiFIR, annaðhvort vegna þess að engin viðskipti eiga sér stað í skilningi 2. gr. reglugerða (ESB) 2017/590 eða vegna þess að gerningurinn sem viðkomandi viðskipti varða fellur ekki undir gildissvið 2. mgr. 26. gr. MiFIR.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að Landsbankinn hf. geri grein fyrir niðurstöðum úr auka prófun á afstemmingu viðskiptagagna úr framlínu við úrtak úr innsendum TRS II skýrslum til fjármálaeftirlitsins í sérstakri skýrslu sem send verði fjármálaeftirlitinu.